

## ÁSJÓNA

**Laugardaginn 18. febrúar kl. 15.00 verður ný sýning, sem fengið hefur heitið Ásjóna, opnuð í Listasafni Árneseinga. Þar eru ný og eldri verk úr safneigninni til sýnis og áhersla lögð á teikningu og portrett.**

Sjálfskoðun er áleitin og viðvarandi hjá flestum myndlistarmönnum og segja má að Listasafn Árneseinga fari nú í einhvers konar sjálfskoðun með sýningunni Ásjónu. Verkin koma úr eigin safneign og mörg hafa sterkar rætur í nærsamfélaginu. Þau eru öll frá 20. öldinni, það elsta frá því um aldamótin 1900, *Sjálfsmynd* Ásgríms Jónssonar þar sem hann horfir rannsakandi fram í rýmið sem ungur listnemi í Kaupmannahöfn en yngsta verkið á sýningunni er *Höfuðfætlur* eftur Magnús Kjartansson frá níunda áratugnum. Fleiri portrett frá ýmsum tímum eru þar líka eftir Kjarval, Höskuld Björnsson og Ástu Guðrúnu Eyvindardóttur og þrívíð portrait eftir bæði Halldór Einarsson og Sigurjón Ólafsson.

Ásjónur 42 bænda úr Grímsneshreppi sem Baltasar festi á blað á árunum 1965-66 er einstakt safn teikninga úr heilu byggðarlagi. Tæpum tíu árum síðar, árið 1974, lögðu 25 sunnlenskar konur leið sína úr sveitinni á Alþingi til þess m.a. að krefjast viðurkenningar á eigin vinnuframlagi. Um þessa sögulegu för óf Hildur Hákonardóttir verkið *Sunnlenskar konur mótmæla á Alþingi* sem er eitt verkanna á sýningunni.

Markmið sýningarinnar er sú sjálfskoðun sem áður er minnst á en einnig það að sýna verk eftir C.F. Ahl, Höskuld Björnsson og Magnús Kjartansson sem eiga það sammerkt að hafa verið gefin til safnsins á síðustu árum og ekki verið sýnd þar áður. Síðast en ekki síst er gestum boðið að þjálfa sig í teikningu með því að skoða, sjá og skynja verkin, sem valin voru til sýningar með tilliti til gildis teikningarinnar því auk þess að njóta verkanna á sýningunni er gestum boðið að teikna að vild og Guðrún Tryggvadóttir og Katrín Briem veita leiðsögn í teikningu tvo laugardaga hvor. Nálgun og hugsun myndlistarmannanna sem eru höfundar verkanna og stílar þeirra eru mismunandi, en verkin eru þarna til þess að njóta, hafa áhrif og vera kveikja að nýrri nálgun.

Ásjóna mun standa til 6. maí og Pappírsævintýraheimur Baniprosonno verður áfram til sýnis í safninu til 8. apríl, en hann hefur fært safninu öll verkin að gjöf. Listasafn Árneseinga er við Austurmörk 21 í Hveragerði. Safnið er opið fimmtudaga til sunnudaga, frá kl. 12 - 18. Hægt er að kaupa veitingar, skoða rit um myndlist þar á meðal nýútkomna íslenska listasögu og eiga notalega stund einn eða með öðrum. Aðgangur er ókeypis.

---

### Nánari upplýsingar:

Inga Jónsdóttir, safnstjóri, sími 895 1369, listasafn@listasafnarneseinga.is